

# Hverfisráð Hríseyjar

## 2. fundur

Ár 2006, mánudaginn 11. desember kl. 16:00 var annar fundur Hverfisráðs Hríseyjar haldinn í Hlein

Mætt voru: Unnsteinn Kárason, Linda María Ásgeirsdóttir, Kristinn Fr. Árnason, Drífa Þórarinsdóttir og Theódóra Kristjánsdóttir.

Formaður setti fundinn og bar upp síðustu fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Bréf frá verkefnastjóra umhverfismála

Hverfisráð fagnar því að fá að vera þátttakandi í þessum verkefnum.

#### 2. Heilsugæslan í Hrísey

Lagt fram bréf frá Karli Guðmundssyni bæjarritara, þar sem hann kynnir stöðu málsins.

*“Hverfisráð leggur eindregið til að gert verði ráð fyrir að Hríseyingar falli undir HAK í þeim samningaviðræðum við heilbrigðisráðuneytið sem nú eru í gangi svo þeir geta notið sömu þjónustu eins og aðrir Akureyringar, en eins og staðan er teljum við ekki ráðlagt að skipta þjónustunni á milli HAK og Heilsugæslu Dalvíkur.*

Formanni og varaformanni falið að skrifa bæjarritara og gera grein fyrir vilja ráðsins.

#### 3. Niðurfelling ferjugjalda

Málið rætt og eftirfarandi samþykkt:

*“Um leið og við fögnum því að Hríseyingar fái frítt í ferjuna frá og með áramótum viljum við nefna, í kjölfar kosningalofræða, að væntingar fólks eru á þá leið að allir fái frítt í Hríseyjarferju en ekki einungis íbúar í hverfi 630. Hverfisráð leggur til að í fyrstu verið gefin út kort á nafni með strikamerki og talning fari fram með skanna, það ætti að auðvelda starfsmönnum ferjunnar að halda utanum farþegafjölda. Ef tekin verður ákvörðun um að allir fasteingaeygendur, sem ekki eiga lögheimili í Hrísey (sumarhúsaeigendur) fái frítt með ferjunni leggjum við til að aðeins 2 kort verði gefin út á hvert sumarhús en einnig skal á það bent að í sumum tilfellum eru fleiri en einn eigandi að hverju húsi”*

Formanni og varaformanni falið að skrifa bæjarráði bréf um ofangreindar hugmyndir og framkvæmd þessara mála.

#### 4. Önnur mál

##### Bréf frá skólastjóra Grunnskólans lagt fram til kynningar

*Ákveðið að leita eftir hvað unglingar í Hrísey vilji gera í frístundum og í kjölfarið á því að senda bréf til Samfélags- og mannréttindaráðs.*

Drífur og Lindu falið að gera þessa könnun.

Fleira ekki gert,  
fundi slitið kl. 18:05

Fundargerð skráð í tölvu af  
Guðrúnu Kristjánsdóttur

